

8. Mæliker:	Kr.
Rúmtak 1 dl—1 l	60,00
Rúmtak 10 dl—50 dl	60,00
Rúmtak vínmæla (veitim. og kulum.) 3—6 cl.	120,00
9. Rennslismælar:	
Rennslismælar fyrir olíur og bensín	120,00
Bensín- og olíusölumælar	100,00
10. Rennslismælar fyrir mjólk	120,00
	2. gr.
Vottorðagjald	100,00

3. gr.

Auk löggildingargjalda reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni reiknast auk kaupgjalds, ferðakostnaður og iðgjald af váttryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi 1. apríl 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 747/1983.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1985.

Jón Helgason.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 480/1983 um iðgjöld atvinnurekenda til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hundraðshluti iðgjalds á árinu 1985, vegna tekjuársins 1984, skal nema 0.0905% af gjaldstofni samkvæmt 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 77. gr. laga nr. 46/1980, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.